



Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Hjúkrunarfræðingar – hjúkrunarnemar sumarafleysingar

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðinga/3ja árs hjúkrunarnema til sumarafleysinga á handlæknis, lyflæknis og slysadeildarsvið sjúkrahússins á Selfossi.

Um er að ræða fjölbreytt starf með skemmtilegu og metnaðarfullu starfsfólki. Mikið er lagt upp úr góðri samvinnu allra starfshópa þar sem fagmennska, umhyggja og virðing fyrir skjólstaðingum og fjölskyldu þeirra er höfð að leiðarljósi.

Á deildinni eru 18 sjúkrarúm sem ætluð eru fyrir hand- og lyflæknissjúklinga. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar sinna einnig hjúkrun á slysadeild HSu, þar sem öll bráðatilvik koma inn ásamt dagdeildarsjúklingum sem koma inn reglulega í lyfjagjafir og annað sem til fellur.

Unnið er á þrískiptum vöktum og aðra hvora helgi.

Kröfur til starfsins: Hjúkrunarnám frá viðurkenndri menntastofnun og starfsréttindi samkvæmt lögum/ staðfesting frá viðurkenndri menntastofnun um að viðkomandi sé þar í hjúkrunarnámi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og stofnanasamningi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og stofnanasamningi HSu.

Nánari upplýsingar veitir deildarstjóri hand- og lyflækningadeildar, Guðrún Kormáksdóttir s. 480-5166 netfang gudrunk@hsu.is eða Anna María Snorradóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar s. 480-5100, netfang: annamaria@hsu.is Hægt er að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu HSu, veffang: www.hsu.is

Umsóknum ásamt upplýsingum um náms- og starfsferil skal skilað til deildarstjóra hand- og lyflækningadeildar, Heilbrigðisstofnun Suðurlands v/Árveg, 800 Selfoss fyrir 15. mars n.k.